

41. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

Haldinn í fundarsal á Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri þriðjudaginn 16. febrúar 2010.

Mættir stjórnarmennirnir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Einnig Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð. Gestur fundarins var Jón Birgir Jónsson, formaður nefndar um framtíð landshlutaverkefnanna, sem skipuð var af Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðherra.

Fundur hófst kl. 14.30.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
 2. Fundað með Jóni Birgi Jónssyni.
 3. Plastlagningarvél og “skógarstjarna”.
 4. Grundvallarafstaða til afgreiðslu umsókna frá ríkisjörðum.
 5. Staðan framundan. Verður hægt að fá Norðmenn til að fjárfesta í kolefnisbindingu með skógrækt á Íslandi.
 6. Umsögn um þingsályktunartillögu um “græna hagkerfið”.
 7. Sumarferð stjórnar og starfsmanna.
 8. Hækkun plöntuverðs vegna VSK hækkunar.
 9. Viðbrögð ef sveitarfélög setja ákvæði um framkvæmdaleyfisskyldu skógræktar og banna notkun erlendra tegunda yfir 300 m hæð yfir sjó.
 10. Önnur mál.
-
1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lesin og samþykkt án athugasemda.
 2. Jón Birgir Jónsson gerði grein fyrir starfi nefndar, sem fjallar um landshlutaverkefni. Nefndin er sammála um að í stað fjölda plantna til skógræktar verði notað flatarmál skógarreita, sem kennitala í ársskýrslum. Kostnaður vegna yfirstjórnar er of hár að mati nefndarinnar og þarf að lækka. Hjá Vesturlandsskógum er kostnaður við yfirstjórn 38% á árunum 2003 – 2008. Tillaga nefndarinnar er að yfirstjórn verði ekki meiri en 25%. Kostnaður við yfirstjórn er skilgreindur hjá nefndinni sem allur kostnaður verkefnanna að frádregnum greiðslum til bænda, aukatekjum og skuld eða eign frá fyrra ári. Úttektir verði ekki færðar sem kostnaður við yfirstjórn. Nefndin leggur til að bókhaldslyklar verði samræmdir milli verkefnanna og rannsóknarverkefni verði færð sér og að kosnaður við þau geti numið allt að 3% af heildarkostnaði. Lykiltölur sem sýndar eru í ársskýrslum verði samræmdar s.s. fjöldi gróðursettra trjáa, fjöldi virkra bænda og fjöldi ha. Nefndin er sammála um að reikna með að afföll á allri plöntun næstu ára verði 30% og stefnt er að því, að þetta hlutfall lækki í 25% innan 5 ára og 20% innan 10 ára. Samræma þarf úttektir milli landshlutaverkefnanna og verði unnið eftir þeim alþjóðareglum, sem viðurkenndar verði í kolefnisbókhaldi. Skilgreina þarf betur afurðir skóga landshlutaverkefnanna en gert er í dag.
 3. Plastlagningarvél og skógarstjarna. Vesturlandsskógar hafa keypt plastlagningarvél og skógarstjörnuna af Magnúsi í Ásgarði, þar sem hann

hefur ákveðið að selja tækin og hætta verktöku. Samþykkt var að Vesturlandsskógar finni verktaka á svæðinu til að kaupa og reka vélarnar. Þangað til leigi Vesturlandsskógar vélarnar út.

4. Umsókn hefur komið frá Kvíabryggju, sem er ríkisjörð, um að taka þátt í skógræktarverkefni. Ákveðið var að bíða með ákvörðun þar til niðurstöður nefndarinnar sem fjallar um landshlutaverkefnin liggi fyrir.
5. Sigvaldi gerði grein fyrir hugmyndum um að fá Norðmenn til að fjárfesta í kolefnisbindingu hér á landi með það í huga að fá fjármagn til skógræktar hér á landi.
6. Umsögn um þingsályktunartillögu um “græna hagkerfið”. Sigvaldi kynnti umsögn um tillögunni, sem hann hefur sett saman. Ákveðið var að hann gengi endanlega frá umsögninni og sendi til stjórnarmanna, áður en hann sendi umsögnina frá sér.
7. Sumarferð. Stefnt er að því, að starfsmenn og stjórn fari saman í dagsferð um syðsta svæði Vesturlandsskóga í júlí.
8. Hækkun plöntuverðs. Þar sem virðisaukaskattur hefur hækkað um eitt prósentustig, síðan samningar voru gerðir við plöntuframleiðendur, þá er spurning hvort plöntuframleiðendur eigi að taka á sig hækkunina. Ákveðið var að fá opinbert álit á málinu í samráði við önnur landshlutaverkefni.
9. Í fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi fyrir Borgarbyggð er gert ráð fyrir, að óheimilt sé að nota erlendar tegundir til skógræktar ofar 300 m hæðarlínu og að skógrækt verði framkvæmdaleyfisskyld. Stjórn var sammála um að nauðsynlegt sé að fylga eftir athugasemdum, sem gerðar hafa verið f.h. Vesturlandsskóga, þegar aðalskipulagið verður auglýst.
10. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl.16.45